



Alþingi-Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 23.01.2007
Tilv. 2006/1667 - 0.0.1
TA

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmum lögum á sviði Neytendastofu, 378. mál

Með bréfi, dags. 25. nóvember 2006, óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði Neytendastofu, 378. mál. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem hefur orðið að svara beiðni yðar.

Tillaga um viðbótarákvæði

Neytendastofa hefur farið yfir frumvarp þetta og vill gera tillögu um að við 1., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi málsgrein:

„Ákvörðun Neytendastofu verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir.“

Jafnframt er lagt til að 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins falli niður og í stað hennar komi ofangreind málsgrein.

Í lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 er framangreint ákvæði að finna í 25. gr. laganna og til að gæta samræmis við gildandi rétt telur Neytendastofa að rétt sé að bæta ákvæðinu í önnur lög á sviði stofnunarinnar.

Tillaga um viðbótarbreytingar

Í tengslum við frumvarp þetta hefur Neytendastofa auk þess skoðað sambærileg ákvæði um áfrýjunarnefndir, sbr. einkum ákvæði 40. og 41. gr. samkeppnislaga sem að vissu leyti er fyrirmynd að ákvæði um höfðun dómsmáls eftir úrskurð áfrýjunarnefndar á stjórnslustigi. Framangreind skoðun leiðir í ljós að auk viðbótarákvæðis sem gerð er tillaga um hér að framan fengist aukið réttaröryggi með því að bæta við ákvæði þetta þremur nýjum málsliðum er væru svo hljóðandi:


„Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar og getur hann höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar.“

Aukið réttaröryggi fæst með því að í lögum verður þá skýrt tekið fram að ákvörðun á stórnáslustugi bindur endi á mál sem til umfjöllunar er innan lögákveðins frests nema að aðili máls taki ákvörðun um málshöfðun fyrir dómstólum.

Verði hins vegar gerð slík viðbótarbreyting sem hér er bent á þá vill Neytendastofa taka fram að eðlilegt og jafnframt nauðsynlegt er að sambærilegu ákvæði verði bætt við 25. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarin, svo fullt samræmi náist einnig að þessu leyti.

Neytendastofa telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að gera frekari athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri